

Yfirlýsing frá Jóni Ásgeiri Jóhannessyni

Í tilefni fréttatflutnings í dag af sölu Baugs Group hf. á hlutafé í Högum hf. sumarið 2008 er rétt að taka eftirfarandi fram:

Kaupverð 1998 ehf. á Högum hf. með skuldum voru tæpir 45 milljarðar. Félagið var keypt þannig að skuldir Haga hf. að fjárhæð u.p.b. 15 milljarðar króna fylgdu féluginu og 30 milljarðar voru greiddir í reiðufé. Helmingur þess reiðufjár fór í að kaupa eigin bréf félagsins, en á þeim tíma áttu sér stað viðræður við erlenda aðila um kaup hlutafjárins. Í framhaldi af bankahruni og atburðum sem því fylgdi var Baugur Group hf. tekinn til gjaldþrotaskipta áður en til þess kom. Samkvæmt 60. gr. hlutafélagalaga hefur félag sex mánuði til að selja eða lækka hlutafé, þegar það hefur eignast meira en 10% í sjálfu sér

Salan og ráðstöfun söluverðsins var gerð að frumkvæði Kaupþings hf., aðal kröfuhafa Baugs Group hf. á þeim tíma. Tilgangurinn var að lækka skuldir Baugs Group hf. og hluthafa félagsins hjá Kaupþingi hf. og skapa aukið svigrúm Baugs Group hf. hjá öðrum lánastofnunum svo sem Glitni banka hf. og Landsbanka Íslands hf. Á þessum tíma lögðu allir stærstu viðskiptabankar Baugs Group hf. áherslu á að félagið hætti fjárfestingarstarfsemi á Íslandi.

Það er rangt sem haldið hefur verið fram að ég hafi átt hlutabréf í Baugi Group hf. Þau voru eign Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. Hvorki ég né neinn annar voru í persónulegri ábyrgð vegna skulda Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf., sem voru greiddar.

Skiptastjórar Baugs hafa farið fram á ráðstöfun söluandvirðisins verði rift að hluta því hún hafi falið í sér mismunun kröfuhafa. **Samningnum sjálfum hefur ekki verið rift enda enginn ágreiningur um söluverðið.**

Protabú Baugs Group hf. á erfitt mál fyrir höndum. Á því hvílir að sanna að um svokallaðan gjafagerning hafi verið að ræða. Sumarið 2008 var Baugur Group hf. gjaldfært félag. Viðskiptin voru samþykkt á hluthafafundi félagsins með samþykki allra hluthafa auk þess sem allir stærstu lánardrottnar félagsins vissu af og/eða samþykktu samninginn.

Jón Ásgeir Jóhannesson